

Sþ.

26. Tillaga til þingsályktunar

[26. mál]

um ráðstafanir til varnar gegn mengun.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um ráðstafanir til varnar gegn skaðlegri mengun í lofti og vatni.

Greinargerð.

Mengun í lofti og vatni er orðið eitt mesta vandamál í þéttbýlum og iðnvæddum löndum. Eitrun lofts og vatns er orðið alvarlegt bölg hjá iðnaðarþjóðum. Andrúmsloft sumra stórborga er orðið svo mengað, að til vandræða horfir. Fiskur drepst víða í ám og vötnum vegna mengunar. Særinn við strendur landa er sums staðar orðinn hættulega mengaður. Kunnáttumenn spá því, að í sumum stórborgum verði orðið nær óliff eftir nokkur ár, ef svo heldur fram sem nú horfir. Þessi sívaxandi mengunarhætta er að verða einn mesti ógnvaldur mannkynsins.

Þetta bölg hefur enn að mestu leyti sneitt hér hjá garði. Þó hefur þegar orðið vart nokkurrar mengunar hér. Það eru þó smámunir hjá því, sem annars staðar er. Enn er loftið hér hreint og tært, landið tiltölulega hreint og vötn og sjór að mestu laus við mengun. En hættan er hér augljós og vaxandi, eftir því sem verksmiðjum fjölgar og iðnvæðing færir í aukana. Hér þarf því að vera vel á verði og gera í tæka tíð viðeigandi varnarráðstafanir. Það er of seint að byrgja brunninn, þegar barnið er dottið ofan í. Við megum ekki glata þeim auði, sem við eigum í óspilltri náttúru. Við megum ekki láta mengun spilla lífinu í sjónum við strendur landsins. Við megum ekki láta spilla hinu hreina andrúmslofti. Við megum ekki láta óhreinindi og mengun eyðileggja hinar dýrmætu ár okkar og fiskivötn. Hér má ekki sofa á verðinum. Það þarf þegar að rannsaka, hvernig ástatt er. Það þarf að athuga löggjöf alla, sem að þessu lýtur. Og það þarf að hefjast handa um setningu nauðsynlegrar löggjafar um viðeigandi varnarráðstafanir. Þeirri löggjöf þarf síðan að fylgja fram án allra undanbragða. Það þarf að vekja menn til skilnings á þeirri miklu og vaxandi hættu, sem hér er á ferð. Og það þarf að hefja nauðsynlegar aðgerðir, áður en það er um seinan.

Tillaga sama efnis var flutt á síðasta Alþingi, en náði eigi afgreiðslu. Er hún því endurflutt.

Nánar í framsögu.